



Reykjavík, 2. júní 2020

**Lífeyrissparnaður nam nærri 5.173 milljörðum króna 31. mars 2020**

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur birt upplýsingar um heildareignir samtryggingar- og séreignarsparnaðar og sundurliðun þeirra miðað við lok fyrsta ársfjórðungs 2020 ásamt sambærilegum gögnum er ná aftur til þriðja ársfjórðungs 2017. Upplýsingarnar eru byggðar á tegundaflokkun 2. mgr. 36. gr. a. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og má [nálgast þær á vef Seðlabankans](#).

Hér að neðan er að finna stutta samantekt á helstu breytingum í fjárfestingum lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila séreignarsparnaðar á fyrsta ársfjórðungi 2020. Fjárhæðir byggja á innsendum skýrslum þeirra áður en endurskoðun hefur farið fram. Lífeyrissparnaður samtryggingar og séreignar dróst saman um nærri 8 ma.kr. frá áramótum til loka fyrsta ársfjórðungs og nam 5.173 ma.kr. Áhrif vegna COVID-19 faraldursins voru umtalsverð á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum við lok fyrsta ársfjórðungs. Helstu breytingar í eignaflokkum eru þær að eignarhlutir í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu jukust um nærri 21 ma.kr. og innlán um nærri 33 ma.kr. Veruleg lækkun var á hlutabréfum eða um 109 ma.kr., en bréfin eru að meginhluta innlend. Erlendar eignir samtryggingar og séreignar námu 1.678 ma.kr. eða um 32% af heildareignum. Stærstur hluti erlendra eigna er í verðbréfasjóðum og hlutabréfum. Þær eignir lækkuðu umtalsvert í erlendum gjaldmiðli sem gengislækkun íslensku krónunnar vó upp að mestu leyti. Heildareignir í vörslu fimm stærstu lífeyrissjóðanna, LSR, Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, Gildis, Birtu og Frjálsa námu í árslok um 3.220 ma.kr. eða um 62% af heildarlífeyrissparnaði í samtryggingu og séreign. Heildareignir LSR námu um 1.000 ma.kr., Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 854 ma.kr., Gildis 653 ma.kr., Birtu 425 ma.kr. og Frjálsa um 287 ma.kr.

**Sundurliðun fjárfestinga samtryggingardeilda lífeyrissjóða**

Heildareignir samtryggingardeilda lífeyrissjóða námu við lok fyrsta ársfjórðungs um 4.423 ma.kr. og lækkuðu um 16 ma.kr. frá áramótum. Helstu breytingar á eignaflokkum eru þær að eignir í hlutabréfum lækkuðu verulega eða um nærri 103 ma.kr. sem að mestu má rekja til lækkunar innlendra hlutabréfa. Á sama tíma jukust innlán um 24 ma.kr. og var sú aukning nánast að öllu leyti í erlendum gjaldmiðlum. Fasteignaveðtryggð útlán jukust einnig um nærri 24 ma.kr. sem má rekja til aukinna útlána til sjóðfélaga. Veruleg hækkun var einnig í hlutdeildarskírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu (e. non UCITS) eða um rúmlega 37 ma.kr. sem að stórum hluta má rekja til veikingar krónunnar. Þessar eignir eru að mestu óskráðir fjármálagerningar og því óvissa um verðmat til lengri tíma.

Erlendar eignir samtryggingardeilda sjóðanna við lok fyrsta ársfjórðungs voru um 1.508 ma. kr. og nam aukningin nærri 3 ma.kr. frá áramótum. Hlutdeild erlendra eigna nam um 34% af heildareignum samtryggingardeilda og hafði hlutfallið hækkað lítillega frá áramótum.

Í töflu 1 koma fram helstu breytingar eignaflokka samtryggingardeilda á fyrsta ársfjórðungi.

**Tafla 1. Sundurliðun fjárfestinga samtryggingardeilda lífeyrisjóðanna**

Samtrygging	Fjárhæðir í þús.kr.	31.12.2019	31.3.2020	Breyting (kr.)	Breyting %
Ríkisvixlar og skuldabréf (A.a.)		1.005.455.052	989.388.117	-16.066.935	-1,6%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b.)		542.611.852	566.425.083	23.813.230	4,4%
Skuldabréf sveitarfélaga (B.a.)		167.253.550	171.790.005	4.536.455	2,7%
Innlán (B.b.)		119.148.547	143.263.150	24.114.579	20,2%
Sértryggð skuldabréf (B.c.)		195.763.712	206.189.324	10.425.611	5,3%
Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga (C.a.)		13.390.402	13.015.241	-375.161	-2,8%
Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS (C.b.)		1.003.012.212	993.717.646	-9.294.566	-0,9%
Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga (D.a.)		260.060.438	272.191.672	12.131.234	4,7%
Skuldabréf og peningam. skjöl annarra sjóða um sameiginl. fjárf. (D.b.)		77.764.962	77.919.086	154.124	0,2%
Hlutabréf félaga (E.a.)		760.423.984	657.654.373	-102.769.611	-13,5%
Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginl. fjárf. (E.b.)		291.182.279	328.334.000	37.151.722	12,8%
Fasteignir (E.c.)		59.618	41.242	-18.376	-30,8%
Afleiður (F.a.)		0	0	0	0,0%
Aðrir fjármálagerningar (F.b.)		2.769.057	2.754.972	-14.084	-0,5%
<b>Samtals:</b>		<b>4.438.895.664</b>	<b>4.422.683.910</b>	<b>-16.211.777</b>	<b>-0,4%</b>

**Sundurliðun fjárfestinga vörsluaðila séreignarsparnaðar**

Heildareignir séreignarsparnaðar í vörslu lífeyrissjóða og annarra vörsluaðila<sup>1</sup> námu nærri 750 ma.kr. við lok fyrsta ársfjórðungs og jukust um 8 ma.kr. Stærstur hluti séreignarsparnaðar er í vörslu 15 lífeyrissjóða eða nærri 70% og restin í vörslu fimm innlendra aðila. Helstu breytingar í eignaflokkum eru áþekkar og hjá samtryggingardeildum lífeyrissjóða sem áður er getið. Innlán og skuldabréf fyrirtækja jukust umtalsvert, innlán um 8,8 ma.kr. og skuldabréf um 4,3 ma.kr. Innlán námu nærri 30% af heildareignum. Hlutabréfaeign lækkaði umtalsvert á tímabilinu eða um 6,1 ma.kr. Sömuleiðis lækkuðu eignir í verðbréfasjóðum um nærri 7 ma.kr.

Erlendar eignir séreignarsparnaðar námu nærri 169 ma.kr. við árslok eða nálægt 23% af eignum þeirra. Aukning erlendra eigna nam tæplega 3 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi.

Í töflunni hér að neðan koma fram helstu breytingar eignaflokka séreignarsparnaðar á fyrsta ársfjórðungi.

<sup>1</sup> Gögnin innihalda ekki fjárhæðir frá erlendum vörsluaðilum. Við árslok 2019 námu þær um 84 ma.kr.



Tafla 2. Sundurliðun fjárfestinga vörsluaðila séreignarsparnaðar

Séreign	Fjárhæðir í þús.kr.	31.12.2019	31.3.2020	Breyting (kr.)	Breyting %
Ríkisvixlar og skuldabréf (A.a.)		127.279.527	131.115.815	3.836.288	3,0%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf (A.b.)		32.907.828	33.825.828	918.000	2,8%
Skuldabréf sveitarfélaga (B.a.)		18.694.958	18.905.630	210.673	1,1%
Innlán (B.b.)		205.457.757	214.212.501	8.754.745	4,3%
Sértryggð skuldabréf (B.c.)		65.443.426	69.281.134	3.837.708	5,9%
Skuldabréf og vixlar lánastofnana og váttryggingafélaga (C.a.)		6.452.850	5.847.517	-605.333	-9,4%
Hlutdeildarskírteini og hlutir í UCITS (C.b.)		155.345.997	150.816.159	-4.529.838	-2,9%
Skuldabréf og peningamarkaðsskjöl félaga (D.a.)		33.323.742	37.663.647	4.339.905	13,0%
Skuldabréf og peningam. skjöl annarra sjóða um sameiginl. fjárf. (D.b.)		8.232.886	8.171.915	-60.971	-0,7%
Hlutabréf félaga (E.a.)		47.928.236	41.790.873	-6.137.363	-12,8%
Hlutdeildarskírteini og hlutir annarra sjóða um sameiginl. fjárf. (E.b.)		40.523.196	38.192.671	-2.330.525	-5,8%
Fasteignir (E.c.)		14.694	14.630	-64	-0,4%
Afleiður (F.a.)		0	0	0	0,0%
Aðrir fjármálagerningar (F.b.)		32.896	32.863	-32	-0,1%
<b>Samtals:</b>		<b>741.637.990</b>	<b>749.871.183</b>	<b>8.233.193</b>	<b>1,1%</b>